

## GJALDSKRÁ

### fyrir kattahald í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Við skráningu kattar skal greiða skráningargjald kr. 8.700.

2. gr.

Árlega skal greiða eftirlitsgjald vegna kattar kr. 7.200.

3. gr.

Gjald vegna handsömunar kattar greiðist við afhendingu kr. 22.000.

Að auki skal greiða daggjald kr. 2.000, fyrir hvern heilan dag, fyrir þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi kattar, þ.m.t. útkall dýraeftirlitsmanns, fóðrun og auglýsingar. Óskráða ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Akureyrarkaupstað nr. 1315/2015.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar, 13. desember 2016.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. janúar 2017,*

**Guðríður Friðriksdóttir,**  
sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs.